

Borgarbyggð
Jökull Helgason,
forstöðumaður
Borgarbraut 14
310 Borgarnes



Reykjavík, 22. janúar 2013
Tilvísun: UST20130100079/ksj

Lýsing deiliskipulagstillögu. Einkunnir, fólkvangur í Borgarbyggð.

Áætluð deiliskipulagstillaga mun ná yfir Einkunnir í landi Hamars í Borgarbyggð sem voru friðlýstar sem fólkvangur árið 2006.

Í greinargerð er fylgir ofangreindri lýsingu kemur fram að markmiðið með deiliskipulagningu svæðisins er að lagfæra aðkomuveg, útbúa bílastæði, setja upp salernishús og áningarborð á völdum stöðum, byggja veiðibryggju við Álatjörn, fjölgja gönguleiðum, bæta reiðleiðakerfi á svæðinu, byggja upp áningastaði fyrir hestamenn, skilgreina lóð og staðsetja byggingarreit fyrir náttúruskóla, skilgreina lóð fyrir starfsemi Skátafélags Borganess, tryggja aðgengi fyrir alla að Álatjörn, að fræða um náttúrufar og sögu svæðisins og auka virðingu fyrir náttúru og menningu staðarins og að stefna að því að efnisval og form verði í samræmi við umhverfið.

Náttúruvernd

Í auglýsingu fyrir fólkvanginn nr. 319 frá 31. janúar 2011 kemur fram að óheimilt er að rækta framandi tegundir, sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda, innan hans. Þó er heimilt að viðhalda gamla skógræktarreitnum sbr. afmörkun hans sem er hnittsett á uppdrætti er fylgir auglýsingunni.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á vöktun skógajaðranna þannig að gengið sé úr skugga um að útlendar tegundir dreifi sér ekki utan skilgreindra marka.

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að allar framkvæmdir á svæðinu falli vel að náttúrulegu umhverfi og leggur áherslu á að framkvæmdir raski ekki náttúruminjum.

Virðingarfyllst
Olafur A Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur